

Eftirfarandi samþykktarbreytingar eru lagðar fram af stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands á ársfundi sjóðsins 11.maí 2012.

Grein 2.1.

Þar stendur: Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Tillaga: Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja **þeim**, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Rökstuðningur: Í athugasemd frá úttektarnefnd lífeyrissjóðanna kom fram að hlutverk sjóðsins væri ekki nægilega skýrt í samþykktum.

Grein 9.8.

Þar stendur: Að minnsta kosti einu sinni á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launa-seðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Tillaga um viðbót við greinina: **Sjóðinum er heimilt að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti óski sjóðfélagi eftir því.**

Rökstuðningur: *Eðlilegt að hafa þetta ákvæði inni til þess að spara pappírútsendingar til þeirra sem vilja það ekki*

Grein 11.7.

Þar stendur: Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.f.frv.

Tillaga um viðbót við greinina. **Sjóðfélagi er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta greiðslu lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélagi nýtur vegna örorkunnar.**

Rökstuðningur: *Þetta ákvæði auðveldar sjóðinum að fylgjast með því að örorkulífeyrir sé eingöngu greiddur til þeirra sem eiga rétt á honum.*

Kafli 15 – Tilhögun lífeyrisgreiðslna

Tillaga: Við kaflann bætast þrjár nýjar greinar

- 15.7. Ef áunnin réttindi til ellilífeyris eru minni en 5.000 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, skal stjórn sjóðsins greiða sjóðfélaga í lífeyri í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, fari sjóðfélagi fram á slíkt með skriflegri beiðni. Fjárhæð þessi skal endurreiknuð í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við vísitölu 290,4 í mars 2008.
- 15.8. Ef bundin séreign sjóðfélaga nær ekki 500.000 kr. skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 15.9. Ef sjóðfélagi er öryrki og frjáls séreign hans nær ekki 500.000 kr. skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur: greinarnar eru hugsaðar til þæginda fyrir sjóðfélaga sem eiga lítil réttindi í sjóðinum og til kostnaðarhagræðis fyrir sjóðinn. Betra er að greiða litlar upphæðir í eingreiðslu í stað þess að dreifa þeim á mörg ár.

Breytingar á réttindatöflum í samþykktum sjóðsins skv. tillögu frá Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi sjóðsins.

Í grein 8.7. samþykktu sjóðsins segir:

Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikni-forsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

Greinargerð Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings:

Réttindatöflur sjóðsins hafa verið óbreyttar frá því að hann fékk starfsleyfi eftir nýjum lögum um starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Frá þeim tíma hefur þeim forsendum sem reiknað er eftir við tryggingafræðilegar athuganir verið breytt, bæði hvað varðar lífs- og örorkulíkur. Þótt hinar nýju forsendur breyti ekki miklu um réttindaöflun ef litið er yfir alla starfsævina hefur orðið nokkur breyting innbyrðis þegar litið er til mismunandi aldurskeiða. Því er gerð tillaga um breytingu réttindataflna til samræmis við nýjar forsendur svo að réttindi sem sjóðurinn veitir séu í sem bestu samræmi við verðmæti iðgjalda eftir þeim forsendum sem tryggingafræðilegar athuganir eru nú reiknaðar eftir, sbr. einnig ákvæði greinar 8.7.

Tillögurnar fela í sér lítilsháttar hækkun á iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu en um leið er fallið frá greiðslu sérstaks framlags til iðgjaldatryggingar.

Við breytingar á réttindatöflum breytist einnig grein 9.1.

Grein 9.1.

Iðgjald til Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er frjálst en að lágmarki 12% sbr. 2. gr. laga nr. 129, 1997. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Leið I. 7,3%

Leið II. 5,4% til sameignarmyndunar og 2,6% til bundinnar séreignarmyndunar

Leið III. 4,12% til sameignarmyndunar og 4,69% til bundinnar séreignarmyndunar

Leið IV. 3,44% til sameignarmyndunar og 6,56% til bundinnar séreignarmyndunar

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur

Grein 9.1. verður:

Iðgjald til Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er frjálst en að lágmarki 12% sbr. 2. gr. laga nr. 129, 1997. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Leið I. 7,99%

Leið II. 5,83% til sameignarmyndunar og 2,6% til bundinnar séreignarmyndunar

Leið III. 4,27% til sameignarmyndunar og 4,69% til bundinnar séreignarmyndunar

Leið IV. 3,27% til sameignarmyndunar og 6,56% til bundinnar séreignarmyndunar

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur

Nýjar réttindatöflur:

Tafla I

Leið I

Taflan sýnir árleg lífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Lífeyrisaldur	70 ára
Greiðslur úr sameign	70 ára
Lágmarksiðgjald	12,00%

Sameign	7,99%
Bundin séreign	0,00%
Frjáls séreign	4,01%

Ævilöng ellilífeyrisréttindi í sameign pr. 10.000 kr. iðgjald

aldur	réttindi	aldur	réttindi
16	4.295	43	1.710
17	4.100	44	1.669
18	3.912	45	1.630
19	3.739	46	1.591
20	3.578	47	1.553
21	3.430	48	1.517
22	3.290	49	1.480
23	3.160	50	1.445
24	3.037	51	1.410
25	2.922	52	1.377
26	2.814	53	1.344
27	2.713	54	1.313
28	2.618	55	1.283
29	2.529	56	1.253
30	2.445	57	1.226
31	2.366	58	1.199
32	2.293	59	1.173
33	2.224	60	1.149
34	2.160	61	1.126
35	2.099	62	1.103
36	2.041	63	1.080
37	1.987	64	1.058
38	1.936	65	1.027
39	1.887	66	987
40	1.840	67	946
41	1.795	68	905
42	1.752	69	864

Tafla II

Leið II

Taflan sýnir árleg lífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Lífeyrisaldur	70 ára
Greiðslur úr sameign	75 ára
Lágmarksiðgjald	12,00%

Sameign	5,83%
Bundin séreign	2,60%
Frjáls séreign	3,57%

Ævilöng eilífeyrisréttindi í sameign pr. 10.000 kr. iðgjald

aldur	réttindi	aldur	réttindi
16	5.824	43	2.318
17	5.536	44	2.275
18	5.257	45	2.233
19	5.003	46	2.192
20	4.771	47	2.151
21	4.557	48	2.112
22	4.359	49	2.073
23	4.175	50	2.036
24	4.003	51	2.000
25	3.843	52	1.965
26	3.693	53	1.931
27	3.555	54	1.899
28	3.427	55	1.869
29	3.308	56	1.841
30	3.197	57	1.816
31	3.094	58	1.792
32	3.000	59	1.771
33	2.913	60	1.752
34	2.833	61	1.734
35	2.759	62	1.717
36	2.690	63	1.701
37	2.626	64	1.684
38	2.567	65	1.646
39	2.512	66	1.587
40	2.460	67	1.526
41	2.410	68	1.463
42	2.363	69	1.398

Tafla III

Leið III

Taflan sýnir árleg lífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Lífeyrisaldur	70 ára
Greiðslur úr sameign	80 ára
Lágmarksiðgjald	12,00%

Sameign	4,27%
Bundin séreign	4,69%
Frjáls séreign	3,04%

Ævilöng ellilífeyrisréttindi í sameign pr. 10.000 kr. iðgjald

aldur	réttindi	aldur	réttindi
16	7.842	43	3.063
17	7.409	44	3.029
18	6.989	45	2.996
19	6.611	46	2.965
20	6.269	47	2.936
21	5.958	48	2.908
22	5.672	49	2.881
23	5.407	50	2.856
24	5.162	51	2.834
25	4.935	52	2.814
26	4.725	53	2.797
27	4.532	54	2.785
28	4.357	55	2.777
29	4.196	56	2.774
30	4.048	57	2.778
31	3.913	58	2.787
32	3.792	59	2.803
33	3.683	60	2.826
34	3.586	61	2.854
35	3.498	62	2.885
36	3.420	63	2.917
37	3.350	64	2.947
38	3.289	65	2.920
39	3.234	66	2.833
40	3.185	67	2.740
41	3.141	68	2.638
42	3.100	69	2.529

Tafla IV

Leið IV

Taflan sýnir árleg lífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Lífeyrisaldur	70 ára
Greiðslur úr sameign	85 ára
Lágmarksiðgjald	12,00%

Sameign	3,27%
Bundin séreign	6,56%
Frjáls séreign	2,17%

Ævilöng ellilífeyrisréttindi í sameign pr. 10.000 kr. iðgjald

aldur	réttindi	aldur	réttindi
16	10.005	43	3.641
17	9.386	44	3.632
18	8.782	45	3.628
19	8.243	46	3.628
20	7.759	47	3.631
21	7.322	48	3.638
22	6.923	49	3.650
23	6.555	50	3.667
24	6.216	51	3.691
25	5.903	52	3.723
26	5.614	53	3.766
27	5.351	54	3.823
28	5.113	55	3.896
29	4.896	56	3.990
30	4.699	57	4.106
31	4.521	58	4.249
32	4.364	59	4.421
33	4.229	60	4.626
34	4.110	61	4.860
35	4.007	62	5.121
36	3.919	63	5.401
37	3.846	64	5.689
38	3.787	65	5.795
39	3.740	66	5.708
40	3.703	67	5.590
41	3.675	68	5.439
42	3.655	69	5.249

Samþykkt á stjórnarfundum LTFÍ 20. apríl 2012